


SAMBAND VEITINGA- OG GISTIHÚSA  
THE ICELANDIC HOTEL AND RESTAURANT ASSOCIATION

GARDASTRÆTI 42 101 REYKJAVÍK  
SÍMI 27410



Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis  
Hr. formaður Jón Kristjánsson

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ III 1250*

*komudagur 23/1 1989*

Reykjavík 16. janúar 1989

Með vísan til bréfs nefndarinnar frá 14. desember 1988, leyfir Samband veitinga- og gistihúsa sér að senda eftirfarandi umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á áfengislögunum.

Stjórn SVG sér ekki ástæðu til að gera neinar athugasemdir við þær breytingatillögur sem settar eru fram í umræddu frumvarpi. Þó vill hún sérstaklega fagna þeirri tillögu að í framtíðinni skuli leitað umsagnar SVG þegar reglugerð við áfengislögin er samín. Fram að þessu hefur almennt ekki verið leitað til SVG þegar um áfengismál er fjallað þótt illskiljanlegt sé.

Við getum þó ekki látið undir höfuð leggjast að fjalla um tvö atriði laganna, sem að okkar mati þarfnast breytinga.

Hið fyrra er ákvæði 12. greinar um að ráðherra geti ákveðið nánar hvernig eftirliti með veitingastöðum sé háttað og krafist endurgreiðslu frá leyfishöfum. Framkvæmd þessa ákvæðis hefur alla tíð verið þyrnir í augum veitingamanna og því verið mótmælt að óeinkennisklæddir og skilríkjalausir menn geti orðalaust og oft með óþarfa fyrirferð gengið inn fyrir afgreiðsluborð veitingastaða. Síðan er veitingastöðunum sendur reikningur vegna launagreiðslna til þeirra. Það mun enda vera fátítt að atvinnugrein greiði eftirlit sjálfri sér til höfuðs. Tillaga SVG er sú að ef áfram verður kveðið á um slíkt eftirlit í lögunum, verði það á kostnað hins opinbera eins og önnur löggæsla í landinu.


Hið síðara er 2. mgr. 20 greinar sem fjallar um leyfi til áfengisveitinga í félagsheimilum.

Eins og SVG hefur bent á í áráraðir er rekin umfangsmikil veitingastarfsemi í alls kyns aragrúa félagsheimila og einkasala um land allt. Upphaflegt markmið félagsheimila er í fæstum tilvikum til staðar lengur, heldur er þetta orðinn almennur veitingarekstur í beinni samkeppni við veitingahúsin í landinu. Sú samkeppni er þó næsta ójöfn þar sem fyrirtæki þessi skila sjaldnast þeim gjöldum og sköttum sem almennum veitingahúsum ber að skila og ekkert eftirlit er með aldri gesta, áfengisneyslu, brunavörnum, heilbrigðismálum og svo mætti lengi telja. Stjórnvöld hafa jafnan viðurkennt tilvist vandamálsins, en enginn komið umbótum í verk.

Eftir að söluskattur var hækkaður upp í 25% á veitingar fyrir u.þ.b. einu ári síðan og staðgreiðsla skatta komst á, er samkeppnin við svarta markaðinn orðin nánast óbærileg.

Það er tillaga SVG að félagsheimili og einkasalir, sem stunda veitingastarfsemi á almennum markaði, sækir um veitingaleyfi og vínveitingaleyfi og falli þar með undir það almenna eftirlit sem hin löglegu veitingahús falla undir.

Virðingarfyllst  
f.h. SAMBANDS VEITINGA- OG GISTIHÚSA



Erna Hauksdóttir  
frankvæmdastjóri

c.c.: Steingrímur J. Sigfússon, samgönguráðherra